

## Elín Sigurjónsdóttir (1929-2021), kennari Akureyri

Afhending 2021/18

Elín Sigurjónsdóttir fæddist 12. september 1929 á Búðum í Fáskrúðsfirði og lést 29. mars 2021 á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Foreldrar hennar voru Sigurjón Guðmundsson, sjómaður og vélstjóri, f. 21. mars 1906, d. 6. júní 1931 og Guðbjörg Stefánsdóttir, f. 20. september 1900, d. 23. júní 1960.

Þann 23. maí 1953 giftist Elín Gísli Bjarnasyni frá Uppsölum í Blönduhlíð í Skagafirði, f. 3. júlí 1930, d. 30. maí 2009.

Elín fæddist og ólst upp á Fáskrúðsfirði til 15 ára aldurs, þá flutti hún til Akraness og átti heimili hjá Sveini, föðurbróður sínum, þar til hún hafði lokið námi. Elín tók gagnfræðipróf frá Gagnfræðaskólanum á Akranesi 1946 og kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands 1951.

Fljótlega eftir að námi lauk fluttu hún og Gísli á Bíldudal og bjuggu þar frá 1952 til 1956. Þau fluttu til Akureyrar 1956 og þar bjó Elín alla tíð upp frá því.

Elín vann aðallega við afgreiðslustörf áður en hún varð kennari og kenndi þá við Barnaskólann á Bíldudal 1952-1956 og við Barnaskóla Akureyrar 1958-1999.

Elín var félagi í Kvenfélagi Akureyrarkirkju og Soroptimistaklúbbi Akureyrar, þar sem hún var heiðursfélagi.

Þetta er eina afhendingin sem safninu hefur borist frá þessum skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

28. júní 2021

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

## A-Elín Sigurjónsdóttir

## A-Elín Sigurjónsdóttir

A	1	1	1970 - 1987	Ráðningarbréf og leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
A	1	2	1956 - 1956	Meðmælabréf.
A	1	3	1972 - 1998	Námskeiðsvottorð; bréf til þátttakenda á framhaldsnámskeiði í söguaðferðinni.
A	1	4	1946 - 1951	Brottfararskírteini úr Gagnfræðiskóla Akraness og Kennaraskólanum í Reykjavík.
A	1	5	-	Skriftarmælikvarði til hliðsjónar við einkunnargjöf í skrift.
A	1	6	1944 - 1945	Stílabók með skólaglósunum í náttúrufræði.
A	1	7	-	Afrit af námsgögnum; teikningar.